

2021  
2022

ÁRSSKÝRSLA  
SFHR



# INNGANGUR

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í mars 2020 en tóku formlega við á aðalfundi félagsins í byrjun maí.

Stjórnarmeðlimir voru Alexander Mar, forseti, Selma Rún Friðbjörnsdóttir, varaforseti, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, fjármálastjóri, Snæþór Bjarki Jónsson, upplýsingafulltrúi og Ása María Ásgeirsdóttir, hagsmunafulltrúi en meðlimirnir buðu sig fram sem hópur en kosningar fóru fram sem einstaklings.

Þessi ársskýrsla gerir grein fyrir helstu störfum félagsins en þó eru ýmiss verkefni sem koma ekki fram í þessari skýrslu. Fyrir hönd stúdentafélagsins vil ég þakka þeim sem kusu okkur og höfðu trú á því að í sameiningu gætum við gert skólann okkar að betri stað fyrir nemendur. Ég hef sjaldan séð jafn mikla vinnu fara í að bæta hagsmuni og félagslíf nemenda frá hverjum einasta stjórnarmeðlim SFHR. Í þessari skýrslu má sjá afrakstur þess.

**ALEXANDER MAR**

FORSETI SFHR

# ÁVARP FORSETA



Það fallegasta sem mér finnst í fari SFHR þetta skólaárið er hvað við erum öll nán og góðir vinir. Ég vil meina að við séum landsliðið í uppbyggilegum rökræðum og þannig vegum við hvort annað upp þangað til besta lausnin á hverju einasta máli lítur sitt dagsins ljós.

Störf félagsins fólust fyrst og fremst í því að halda nemendum

Þetta skólaár hefur verið hreint út ótrúlegt í alla staði. Í ársbyrjun voru einhverjar takmarkanir sem höfðu vissulega áhrifa á bæði skólastarf og félagslíf HR. Þrátt fyrir það vorum við stjórnin bjartsýn um betri tíma og þeir sannarlega höfðust. Ég myndi segja það að stjórn SFHR þetta skólaárið sé að móta nýja stefnu á störfum félagsins. Þetta skólaár fer í sögubækurnar að því leytinu til að flestir nemendur við Háskólann í Reykjavík vita nú af Stúdentafélagi sem er tilbúið að aðstoða við hagsmunabaráttu, tengingu við félagslífið eða búa til stökkpall fyrir persónuleg áform stakra nemanda.

ánægðum og koma skilaboðum þeirra á framfæri. Að mínu mati heppnuðust áform mín vel þetta árið og ég fer mjög sáttur frá borði. Ég vil þakka öllum í stjórninni kærlega fyrir samstarfið. Ég vil þakka öllum þeim starfsmönnum HR sem ég kynntist þetta ár. Svo síðast en ekki síst vil ég þakka öllum nemendum skólans því án ykkar væri SFHR ekki starfrækt!

**ALEXANDER MAR**  
FORSETI SFHR

# HLUTVERK SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. SFHR ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna og auka samheldni milli deilda. Allir sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík eru meðlimir í félaginu og eru engin félagsgjöld. Stjórnarmeðlimir SFHR eru tengiliðir milli nemenda og stjórnenda skólans þar sem unnið er náið saman að uppbyggingu gæðamála í kennslu, aðstöðu nemenda og fleira. Fulltrúi SFHR situr í flestum ráðum og stjórnnum skólans og er þar með rödd stúdenta.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð sjö stúdentum úr grunn- eða framhaldsnámi við Háskólann í Reykjavík. Forseti stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd Stúdentafélagsins bæði innan skóla og utan auk þess að hafa yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Forseti situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr einnig fundi Háskólaráðs. Varaforseti ritar fundargerðir stjórnarfunda, er formaður alþjóðanefndar SFHR og tengiliður stjórnar við erlenda nemendur innan skólans auk Alþjóðaskrifstofu skólans. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjárráðum SFHR og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Einnig vinnur hann með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um Menntasjóðinn og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við Menntasjóðinn hvert ár. Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á endurskoðun laga Stúdentafélagsins. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náið með nemendafélögum skólans til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni. Markaðsfulltrúi sér til þess að samningum og samstörfum við önnur fyrirtæki sé fylgt eftir, bæði af hálfu SFHR og fyrirtækjanna. Markaðsfulltrúi hefur auk þess umsjón með framleiðslu nemendaskírteina í byrjun skólaárs og vinnur í nánú sambandi með fjármálastjóra varðandi skipulag og til að halda öllu vel upplýstu.

Undirnefndafulltrúi hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón yfir þeim undirnefndum sem starfa innan SFHR hverju sinni og sjá til þess að þær séu virkar í starfi og starfi undir gildum SFHR. Undirnefndafulltrúi sér um að halda skipulagi á starfsemi undirnefndanna og upplýsa stjórn SFHR reglulega um gang mála í starfsemi þeirra.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru sex hjá grunnnemum og þrjú hjá framhaldsnemum. Formaður hvers félags situr í framkvæmdarstjórn SFHR og er þannig tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafa áhrif á viðburði og ákvarðanir SFHR.

SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í stofu M205. Stúdentafélagið heldur úti heimasíðunni [www.sfhr.is](http://www.sfhr.is), er með Facebook like-síðu undur nafninu „Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík – SFHR“ og er einnig með netfang, [studentafelag@ru.is](mailto:studentafelag@ru.is), þar sem öllum fyrirspurnum er svarað. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að senda hvers kyns ábendingar eða spurningar á SFHR en alltaf er reynt að svara eftir bestu getu.

# STJÓRN SFHR 2021-2022



Alexander Mar  
**Forseti**

Ása María Ásgeirsdóttir  
**Hagsmunafulltrúi**

Snæþór Bjarki Jónsson  
**Upplýsingafulltrúi**

Selma Rún Friðjónsdóttir  
**Varaforseti**

Tryggvi Björn Guðbjörnsson  
**Fjármálastjóri**

# FRAMKVÆMDASTJÓRN SFHR 2020-2021

- Alexander Mar, forseti SFHR
- Dagbjört María Þrastardóttir, formaður Atlas
- Kristján Víkingur, formaður Lögréttu
- Matthildur Helga Víðisdóttir, formaður Markaðsráðs
- Dana Sól Tryggvadóttir, formaður Pragma
- Eiríkur Friðjón Kjartansson, formaður Tviundar
- María Nína Gunnarsdóttir, formaður Mentés

Alexander Mar, forseti SFHR, stjórnaði fundum Framkvæmdarstjórnar SFHR og upplýsti fulltrúa nemendafélagsins um þau málefni sem voru í gangi hverju sinni. Á venjulegu ári væru fundar framkvæmdaráð vetvangur til þess að skipuleggja sameiginlega viðburði SFHR og nemendafélaganna. Þetta árið snérist framkvæmdastjórnarfundir að mestu leiti um skólahaldið á COVID-19 tímum og viðbrögðum háskólans. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Framkvæmdastjórnar SFHR fram á Facebook spjalli.

# UTANAÐKOMANDI RÁÐ OG STJÓRNIR

## Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr forseti SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans.

## Háskólaráð

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Forseti SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans.

## Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi út frá almennum náms- og námsmatsreglum. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fullrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Selma Rún Friðjónsdóttir, varaforseti SFHR. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótar kennslustefnu HR og fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti.

Núna í ár var mikið af fundartíma varið í framgangskerfi kennara innan HR en einnig voru prófbúðir nemendafélaga ræddar, stefnumótun HR, nýjar námsbrautir og margt fleira áhugavert.



## Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentabúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Auk þessa sér BN um útleigu á nýju háskólagörðum HR sem fóru í útleigu haustið 2020. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn. Það er misjafnt hver úr stjórn SFHR situr í stjórn félagsins en hver og einn fulltrúi situr í a.m.k. tvö ár. Því situr Ása María Ásgeirsdóttir hagsmunafulltrúi SFHR, í stjórninni til tveggja ára.

## Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍÍ, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Arna Rut og Alexander Mar. Varamenn voru þau Snæþór Bjarki og Ása María. Fulltrúar eru skipaðir til 2 ára, því var Arna Rut á sínu öðru ári og Alexander Mar á sínu fyrsta. Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífasamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlendis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þáttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í sameiginlegu umboði allra aðildarféлага farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum. Landsþing LÍÍ var haldið á Hólum, helgina 4. – 7. mars.

Heimasíða samtakanna er [www.haskolanemar.is](http://www.haskolanemar.is) og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum samakanna.

## Menntasjóður námsmanna (MSN)

Haustið 2015 skrifaði stjórn SFHR undir þjónustusamning við LÍÍ, en það var í fyrsta sinn sem slíkur samningur var gerður við LÍÍ í þágu félagsmanna SFHR.

Stjórn SFHR 2016- 2017 gerði nýjan samning við LÍN og bauð m.a. upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu félagsins, M205. Þessi þjónustusamningur var endurnýjaður með stjórn SFHR 2017-2018 og var bæði boðið upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu stúdentafélagsins og svör við hinum og þessum spurningum á kaffihádegum. SFHR stjórn 2018-2019 hélt kaffihádegi ekki eins reglulega og fyrri stjórn en voru hins vegar til staðar til að svara spurningum í gegnum samfélagsmiðla, s.s. Facebook, sem við vorum dugleg að auglýsa á. Árið 2020-2021 var þjónustusamningurinn sem gerður var þegar stofnunin gekk ennþá undir nafninu Lánasjóður íslenskra námsmanna framlengdur um eitt ár. Það urðu þó einhverjar breytingar á þessu þar sem nú eru fulltrúar í stjórn menntasjóðsins tilnefndir af LÍS. Þetta skólaár (2021-2022) var enginn þjónustusamningur á milli SFHR og MSN og ekki heldur á milli MSN og annarra námsmanna samtaka. Samt sem áður vann SFHR eftir samningi og var til staðar til að svara fyrirspurnum á samfélagsmiðlum s.s. Facebook, Instagram og tölvupóstum sem og auglýsa mikilvægar upplýsingar varðandi umsóknarfrest og fleira. Í mars 2022 var svo gerður nýr þjónustusamningur á milli SFHR og MSN sem gildir út árið 2024.

## Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd HR gegnir mikilvægu hlutverki í því að gæta að jafnréttis innan skólans. Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er að fylgja eftir jafnréttisáætlun HR í samvinnu við mannauðsstjóra HR og hafa umsjón með endurskoðun hennar. Í nefndinni sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fulltrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Ása María Ásgeirsdóttir, hagsmunafulltrúi SFHR. Nefndin tekur þátt í samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna og tekur þátt í að undirbúa Jafnréttisdaga. Jafnréttisnefndin stendur einnig fyrir fræðslu um jafnréttismál. Nefndin fjallar ekki um mál einstakra starfsmanna, en starfsmenn og einingar geta leitað til nefndarinnar eftir ráðleggingum og hún kemur erindum eftir atvikum í réttan farveg. Nefndin er yfirstjórn skólans og rektor til ráðgjafar um jafnréttismál og hefur frumkvæði að því að mikilvæg jafnréttismál fái umfjöllun. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Í ár fór mikið af fundum í það að endurskoða jafnréttisáætlun HR.

## Siðanefnd

Siðanefnd HR er skipuð af rektor og er skipuð formanni sem kemur frá stoðsviðum skólans, einum fulltrúa úr hópi akademískra starfsmanna hverrar deildar samkvæmt tilnefningu viðkomandi deildar og einum fulltrúa tilnefndum af Stúdentafélagi HR. Snæþór Bjarki Jónsson, upplýsingafulltrúi SFHR sat í siðanefnd fyrir hönd nemenda þetta skólaár. Hlutverk nefndarinnar er að taka til skoðunar ábendingar um brot á siðareglum HR og taka afstöðu til brots.

# UNDIRNEFNDIR SFHR

## Endurvakning undirnefnda

Síðustu skólaár hafa þær undirnefndir sem áður hafa verið starfræktar legið niðri vegna áhugaleysis, ekki síst vegna áhrifa COVID-19 faraldursins. Núverandi stjórn taldi mikilvægt að virkar undirnefndir væru til staðar við skólann til þess að hægt væri að halda uppi félagslífi til frambúðar. Í september á þessu skólaári var því áttakinu “Endurvekjum nefndirnar” hrint af stað. Auglýst var eftir meðlimum í eftirfarandi nefndir:

- Birta: félag nema í HR um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni
- Jafnréttisfélag HR
- Góðgerðarnefnd SFHR
- Málfundafélag SFHR
- Pubquiznefnd
- Ritstjórn Háskólablaðs HR

Málfundafélag og ritstjórn tókst að manna og héldu þær nefndir uppi virku starfi á skólaárinu. Hinar nefndirnar náði ýmist ekki að fullmanna eða tókst að manna en virkjuðust ekki í starfi. Í kjölfar af þessu átaki var ákveðið að boða lagabreytingafund þar sem m.a. var bætt við hlutverki Undirnefndafulltrúa, sem hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón yfir þeim undirnefndum sem starfa innan SFHR hverju sinni og sjá til þess að þær séu virkar í starfi og starfi undir gildum SFHR

## Málfundafélag SFHR

Málfundafélag SFHR mun standa fyrir fyrirlestrum, kynningum og fræðslumálum innan HR fyrir nema. Í stjórn málfundafélags SFHR voru Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Hnikarr Bjarmi Franklínsson, Hrafn Splidt Þorvaldsson og Sigþór Constantin Jóhannsson. Nefndin tók til starfa í desember 2021 og hélt þrjá fundi á vorönn 2022. Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir sem ræddi við nemendur um stöðu faraldursins og áhyggjur stúdenta í janúar. Sigmar Vilhjálmsson, athafnamaður ræddi við stúdenta um sinn feril sem frumkvöðul og var hann spurður spjörunum úr.

Dórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra ræddi við nemendur um innrás rússa í Úkraínu.

## Háskólablaðið

Háskólablaðið var gefið út í fyrsta skipti síðan 2018/19. Í ritstjórn Háskólablaðs HR voru Edda Ingibjörg Gunnarsdóttir og Áslaug Sól Sigurðardóttir. Þær stýrðu ritstörfum vel og gáfu út blaðið ásamt ritnefnd þann 24.mars. Háskólablaðið er eina málgagn nemenda við Háskólann í Reykjavík og því mikilvægt fyrir menninguna. Í ár var blaðið 90 síður, stútfullt af góðu efni.

## Alþjóðanefnd

Í lögum SFHR er nefnt að varaforseti sé formaður alþjóðanefndar SFHR. Varaforseti bjó því til GLOBUS sem er eins konar viðburðanefnd fyrir skiptinema skólans. Markmið nefndarinnar er að halda viðburði fyrir skiptinamana ásamt því að vera tengiliður erlendra nema við SFHR og þar af leiðandi við stjórnendur skólans.

Skylda er fyrir nemendafélög skólans að hafa einn erlendan nema í stjórn nemendafélaganna til þess að skiptinemar séu upplýstari um komandi viðburði og geti tekið þátt í félagslífinu ásamt því að sjá til þess að hagsmunum skiptinema sé fylgt. Einnig voru öll nemendafélög með skráningu í nemendafélagin í sólinni til þess að auðvelda aðgengi og kynna sína starfsemi.

## Árshátíðarnefnd

Árshátíðarnefnd SFHR sér um að skipuleggja stærsta viðburð skólaársins, árshátíð SFHR. Það er að mörgu að huga þegar þarf að skipuleggja árshátíð en þeir helstu eru að ákveða staðsetningu fyrir samkvæmið, útvega skemmtiatriði, skreytingar og veislubjónustu. Í ár fórum við nýja leið og gerðum þjónustusamning við Senu um skipulagningu á árshátíðinni. Engu að síðar vorum við 16 í nefndinni þetta árið. Við úr stjórn SFHR og svo 11 nemendur úr mismunandi deildum. Nefndinni var síðan skipt upp í undirnefndir eftir áherslum. Sumir bjuggu til og gáfu út bækling, aðrir söfnuðu styrkjum, aðrir skreyttu daginn fyrir árshátíð og rest sá um að ákveða mat fyrir svanga nema á sjálfri árshátíðinni. Árshátíðarnefndin stóð sig stórkostlega!

# VIÐBURÐIR

## Nýnemadagar

Nýnemadagarnir hafa verið mjög breytilegir eftir árum upp á síðkastið þar sem takmarkanir gera erfitt fyrir að halda skipulagi. Á þessu ári var ekki kallað eftir hjálp frá SFHR vegna aðstæðna en hinsvegar hélt Selma Rún varaforseti ræðu fyrir skiptinema bæði á haust og vorönn rafrænt.

## Útilega

Útilega SFHR var haldinn laugardaginn 28. ágúst á Þórisstöðum. Það var vel mætt og mikil stemning í hópnum. Dominos sáu um kvöldmatinn og Mekka sáu um fljótandi veigar fyrir okkur. Rentaparty hjálpaði okkur að halda uppi stemmaranum með soundboxið og fleiri nauðsynjavörum fyrir útileguna. Við fengum svo að halda sveitaball í hlöðunni á Þórisstöðum þar sem var dansað fram á nótt!

## Ólympíuleikar

Ólympíuleikar voru á sínum stað þetta árið. Vikan snýst um það að nemendur keppa í ýmsum þrautum fyrir sitt nemendafélag. Í öllum hádegishléum voru nemendafélögin að etja kappi við það að safna stigum í kladdann.

Vikan byrjaði 30. ágúst og endaði 3. september. Keppt var í allskonar greinum. Þær voru kappát, skutlukeppni, limbó, stinger og stóladansi. Hvert nemendafélag hélt utan um viðburð. Á föstudeginum átti svo að halda sjálft ólympíuleikapartýið en því miður var stjórn SFHR annaðhvort í einangrun eða sóttkví og því þurfti að fresta því um viku. Það var því haldið 10. september í hátíðarsal Gróttu og þegar aðeins nokkrar



sekúndur voru liðnar af skráningu var búið að fylla öll pláss og Myschool hrundi. Mekka hjálpaði okkur að halda öllum vel vökvuðum og Clubdub hélt uppi stemningunni. Að lokum stóð Tvíund uppi sem sigurvegari!

## Árshátíð HR

Hvar eigum við að byrja um þessa árshátíð? Eftir tveggja ára pásu fengum við loksins að halda árshátíð. Hún átti upphaflega að vera 19.mars en það var ekki hægt þannig var hún haldin 30.apríl í íþróttahöll Gróttu.

Stjórn SFHR vann hörðum höndum við að skipuleggja hana frá því í október 2021. Árshátíðin var haldin í samstarfi við Senu en margir aðrir samstarfsaðilar tóku þátt í henni, þar má nefna Exton, Prikið, Dufland, Dominos og svo marga fleiri. Miðasala fór fram á Tix.is og á fyrstu mínútunni seldust 500 miðar af 1200 mögulegum.



Á endanum seldust 1130 miðar og er það sölumet á árshátíð SFHR. Þemað var glimmer og fólk var duglegt að klæðast samkvæmt því en einnig keyptum við þjónustu sem bauð fólki upp á andlitsglimmer. Tónlistarfólk og skemmtikraftar voru ekki af verri



endanum en þeir sem mættu voru Dj Dóra Júlía, Séra Bjössi, Birnir, Clubdub, Klaas, Sigga og Grétar í stjórninni og XXX Rottweiler. Það var boðið upp á mat úr öllum áttum en fólk gat borðað mat frá Wingman, Tokyo Sushi, veisluþjónustu Nomy og fyrir svöngustu djammarana komu Dominos pizzur seinna um kvöldið. Þetta kvöld verður seint toppað!

## HR Musical

Síðan 2010 hefur HR musical keppnin verið haldin á árshátíð SFHR. Í HR musical gefur hvert og eitt nemendafélag út lag og myndband og vel valin dómnefnd krýnir besta framlag hvers árs.

Nemendafélögin leggja mikla vinnu í verkefnið á hverju ári og þurfa þau að fara eftir ákveðnum reglum svo keppnin sé sanngjörn. Í ár sá Dóra Júlía um keppnina. Dómnefndina í ár skipuðu: Ragnhildur Helgadóttir rektor HR, Friðrik Dór, Jón Jónsson og Dóra Júlía.

Mögnuð þátttaka var í ár þar sem öll nemendafélag sendu frá sér framlög. Mentis bar sigur úr bítum þetta sinn.

## Vísindaferðir

Vísindaferð símans var haldinn 1.apríl og var mjög vel sett upp. 200 nemendur fengu pláss og voru þau fyllt. Síminn bauð upp á mat og nóg af áfengum veigum ásamt því að vera með líf og fjör. Einnig var Nova með halloween party sem nefndist Nova-Hryllingur en ekki var mikill áhugi fyrir því þetta árið.

## Stjórnarstefnumótanir

Haldnar voru 2 stjórnarstefnumótanir á árinu fyrir allar stjórnir nemendafélaga, undirnefndir SFHR og stjórn SFHR. Þetta er mikilvægur partur fyrir starfsemi þeirra sem sjá um félagslíf og hagsmuni nemenda í skólanum þar sem þetta er vettvangur til þess að kynnast og skiptast á hugmyndum.

## Landsþing LÍS

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin er mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS. Þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélagsins.

Við frá SFHR áttum rétt á 9 þingsætum á landsþingi landssamtaka íslenskra stúdenta, sem haldið var á Hólum í Hjaltadal 4.-6. mars 2022. Yfirskrift þingsins þetta árið var "Nýsköpun og rannsóknir í íslensku háskólasamfélagi". Átta fulltrúar mættu á Hóla fyrir okkar hönd og einn var með rafrænt.



Öll stjórnin fór ásamt þremur nemendum úr HR og fyrrum forseta SFHR, sem sótti fundinn rafrænt. Eftir góðar viðtökur á Hólum á fimmtudeginum hófst dagskráin á föstudeginum með ávörpum frá forseta LÍS, rektor Háskólans á Hólum og Áslaugu Örnú háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Við tóku vinnustofur, erindi og umræður um nýsköpun, ásamt umræðu um innra starf LÍS. Þinginu lauk með kosningu til framkvæmdastjórnar LÍS. Vert er að nefna að stjórn Nemendafélags Háskólans á Bifröst (NFHB) gaf SFHR umboð fyrir sínum atkvæðum, þar sem þau sáu sér ekki fært að senda fulltrúa og erum við þakklát fyrir það traust sem okkur var sýnt af þeirra hálfu. Þrátt fyrir mikla seiglu í fundarhöldum var mikið hópefli og skemmtun á kvöldin með öðrum fulltrúum þingsins sem eru einnig í forsvari fyrir stúdenta frá öðrum skólum. Á heildina litið heppnaðist þingið mjög vel og þingfulltrúar frá SFHR komu reynslunni ríkari heim.

### Þingfulltrúar SFHR 2022:

- Alexander Mar, forseti SFHR
- Ása María Ásgeirsdóttir, hagsmunafulltrúi SFHR
- Tryggvi Björn Guðbjörnsson, fjármálastjóri SFHR
- Snæpór Bjarki Jónsson, upplýsingafulltrúi SFHR
- Selma Rún Friðjónsdóttir, varaforseti SFHR
- Matthildur Helga Víðisdóttir
- Bjarnþóra Hauksdóttir
- Sindri Snær Eggertsson

## Háskóladagurinn

Í ár fékk markaðssvið HR stjórn SFHR til að aðstoða sig við gerð háskóladagsins. Hann var haldinn rafrænt þann 26. febrúar. Alexander og Selma fengu það hlutverk að vera spylrar í gegnum beina útsendingu þar sem voru tekin viðtöl við nemendur og kennara. Ása, Snæpór og Tryggvi, ásamt Matthildi Helgu formanni

Markaðsráðs tóku þátt í framleiðslu kynningarmyndbanda sem voru sýnd í beinu útsendingunni. Dagurinn heppnaðist mjög vel og fékk mikið lof.

## Heimsókn í Copenhagen Business School

Stjórn SFHR fékk styrk frá alþjóðanefnd til þess að heimsækja Copenhagen Business School (CBS) í Danmörku. Þar fór stjórnin í skoðanaferð um skólann og kynntist starfsemi stúdentafélagsins þar. Mikill lærdómur kom frá þessari ferð og má þar nefna “buddy system” eins og það leggur sig í CBS og “student citizenship”. Student citizenship er kerfi sem gefur nemendum tækifæri á að nýta félagsstörf til þess að fá frekari möguleika á að komast í skiptináám. Þá skiptir einkunn ekki einungis máli í því vali heldur einnig þátttaka í félagsstörfum.



## Pallborðsumræður

Málfundafélagið stóð fyrir pallborðsumræðum fyrir alþingiskosningarnar og höfðu nemendur mikinn áhuga á þeim og spurðu út í mörg málefni sem varða háskólanema. Pallborðsumræður fyrir borgarstjórnarkosningar verða haldnar stuttu eftir útgáfu skýrslu þessarar.

## Heimsókn á Bessastaði

Forseti og varaforseti SFHR fengu þann heiður að vera boðin á Bessastaði til þess að fagna fullveldisdeginum. Þar var skoðunarferð um Bessastaði og ræða frá forseta Íslands, Guðna Th Jóhannessyni. Fulltrúar allra skóla á landinu mættu til þess að fagna saman og mynduðust frábær tengsl þann dag á milli stúdentafélaga á Íslandi.

# SAMSTARFSAÐILAR

## NOVA

SFHR hélt áfram samstarf við Nova á starfsárinu. Nova veitti félagsmönnum SFHR afslætti og tilboð, á móti auglýsir félagið sérvalið efni fyrir Nova. Einnig ber að nefna að á árinu fékkst í gegn að fá SFHR skírteini allra nemenda í Nova appið, sem heldur utan um alla afslætti nemenda.

## Heimkaup

Ánægjulegt samstarf við Heimkaup hefur verið síðan vorið 2017 þar sem að Heimkaup greiðir SFHR fyrir auglýsingu rafrána. Ákvörðun var tekin um að halda því samstarfi áfram á þessu starfsári. Hækkun var á auglýsingatekjum frá Heimkaup í ár.

## Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2021. Samningurinn var nýttur eins og áætlað var og kom hann sér vel á ýmsum viðburðum málfundafélags, árshátíðar og þegar SFHR gaf pizzur á víð og dreif um skólaárið.

## Bankastræti Club

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Bankastræti Club þar sem allir meðlimir SFHR fengu frían aðgang að klúbbnum ásamt því að fá 3fl af kokteilum til kl 10. Meðlimir SFHR fengu meðlimakort í Apple Pay og í önnur rafræn veski.

## Orkusalan

SFHR skrifaði einnig undir nýjan samstarfssamning við Orkusöluna. Orkusalan greiddi fyrir auglýsingar á miðlum SFHR ásamt því að gefa gífurlegt magn af kaffi kortum til nemenda í prófatíðum.

# UPPLÝSINGAMÁL

## Samfélagsmiðlar

Stjórn SFHR ákvað að beita sér fyrir virkari upplýsingagjöf en áður, einna helst í gegn um samfélagsmiðla þar sem skólaárið fór að miklu leiti fram í fjarkennslu vegna COVID. Lögð var áhersla á að allar upplýsingar yrðu fáanlegar nemendum á samfélagsmiðlum, og að það væri auðvelt að hafa beint samband við okkur með því að senda skilaboð á stúdentafélagið á samfélagsmiðlum.

## Instagram

Stúdentafélagið var mjög virkt á Instagram þetta árið. Þar auglýstum við allt sem við kom stúdentum HR, upplýsingum um viðburði, lífið í HR, myndum af viðburðum innan skólans, afslætti fyrir nemendur og margt fleira. Auk þess deildum við myndum frá viðburðum á vegum nemendafélaganna. Notast var bæði við pósta á Instagram og Instagram story. Lagt var áherslu á að allt efni sem færi á Instagram væri vel unnið og flott í útliti.

Á skólaárinu jókst fylgjendafjöldi á Instagram um rúm 220%, eða úr 722 í 1629. Eitt af settum markmiðum stjórnar var að auka sýnileika SFHR og mikið þúður var sett í samfélagsmiðla strax í byrjun skólaárs. Mikil aukning á fylgjendum rekjum við bæði til þess að við vorum með reglulega og veglega gjafaleiki yfir skólaárið og að við vorum mjög virk á Instagram að dreifa upplýsingum um viðburði á döfinni. Tveir stórir gjafaleikir voru haldnir á árinu, einn við byrjun haustannar og annar við lok haustannar. Í þeim seinni var gefinn einn vinningur á dag yfir heila viku, að andvirði samtals 500.000 kr.

## Facebook

Stúdentafélagið var virkt á Facebook, en vegna fækkunar viðbragða við Facebook færslum félagsins var það mat stjórnar SFHR að ekki ætti að leggja sérstaka áherslu á að nota Facebook fyrir upplýsingagjöf. Flest innlegg sem fóru á Instagram fóru líka sjálfkrafa á Facebook. Fylgjendafjöldi jókst úr 3.215 í 3.292.

## Heimasíða

Í byrjun skólaárs gerði upplýsingafulltrúi SFHR tilraun til endurbóta á heimasíðu SFHR, sfhr.is. Bætt var við takka til þess að hafa samband við okkur á Facebook, nýjar fréttir settar inn og síðum undirnefnda breytt í samræmi við átak í endurvakningu nefndanna. Ljóst er þó að síðan er úrelt og flókin, ásamt því að gallar eru í kerfinu sem síðan er hýst á. Því var ákveðið að leggjast í heildaryfirhalningu vefsíðunnar og auglýst eftir nemendum sem myndu vilja hanna nýja vefsíðu. Sú vinna er enn á byrjunarstigi.

## Tölvupóstur

Tölvupóstur í gegn um netfang Stúdentafélagsins, studentafelag@ru.is, er eitt mikilvægasta upplýsingatól sem við höfum til þess að eiga samskipti við nemendur. Margir tölvupóstar bárust frá nemendum og var þeim svarað eins fljótt og auðið var.

# ÖNNUR VERKEFNI

## Bæklingar

Í ár ákvað stjórn SFHR að gefa út nýnemabækling með það að leiðarljósi að kynna starfsemi og hlutverk SFHR ásamt því að kynna nemendafélögin fyrir nýnemum. Í honum leyndust fullt af fróðleik um viðburði og skemmtilegar myndir frá þeim. Við töldum þetta góð leið til að auka sýnileika okkar í byrjun skólaárs. Bæklingurinn var alls 16 blaðsíður og var prentaður út í alltof mörgum eintökum. Einnig var gefinn út árshátíðarbæklingur þar sem helstu upplýsingar um árshátíðin komu fram ásamt drykkjuleik, viðtali við hljómsveit, slúðurhorni, heitt á móti köldu, fróðleik um HR musical og góðum lögum til að koma sér í gírinn fyrir dansgólfið.

## Lagabreytingarfundur

Eftir þunga vinnutörn í byrjun annar þar sem mikið álag var á öllum stjórnarmeðlimum var ákveðið að leggjast í þá vinnu að fjölga hlutverkum í stjórn til þess að dreifa álagi stjórnarmeðlima og auka afköst félagsins. Ný hlutverk voru skipuð í kring um markaðsmál og viðhaldi undirnefnda, en þau verkefni voru helst þau sem komu í veg fyrir að stjórnarmeðlimir gátu sinnt sínum skipuðu hlutverkum eftir bestu getu. Eftir stuðning frá Rektor og Stjórn Háskólans í Reykjavík var boðaður lagabreytingafundur þann 9. mars síðastliðinn og fór hann fram á Zoom. Viðstödd voru stjórn SFHR og 6 félagsmenn. Lagt var til að tveimur greinum yrði bætt við lög félagsins, 12. gr. um Markaðsfulltrúa og 13. gr. um Undirnefndarfulltrúa. Tillagan var samþykkt einróma.

## Endurnýjun á kjallara

Fjármálastjóri SFHR tók úttekt á kjallara í byrjun haustannar 2021 og fékk kjallarinn falleinkunn í þeirri úttekt. Ákveðið var að ráðast í verulegar endurnýjanir og bætingar á aðstöðu stúdenta til afþreyingar í kjallara. Nýr dúkur var settur á pool borð, glæný pílvaðstaða, nýtt foosball borð, nýir sófar, Soundboks og merkingar hafa gefið kjallaranum í HR nýtt líf og hefur ekki sést eins mikil aðsókn í kjallarann í ár og aldir.

## Blóðbikarskeppnin

Blásið var aftur lífi í blóðbikarskeppnina. Blóðbikarskeppnin er keppni milli nemenda og starfsfólks skólans og sigurvegari keppinnar er sá sem gefur meira blóð. Nemendur unnu þá keppni með pompi og prakt.

# KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN

Kosningar í embætti stjórnar SFHR og aðildarféлага fóru fram 2. – 6. maí 2022. Kjörstjórn árið 2022 skipuðu:

- Alexander Mar (SFHR) - alexanderm19@ru.is
- Elva Ösp Helgadóttir (Mentes) - elvah20@ru.is
- Davíð Oddsson Stenersen (Markaðsráð) - davidos19@ru.is
- Þorbjörg Anna Gísladóttir (Pragma) - thorbjorgg20@ru.is
- Dagbjört María Prastardóttir (Atlas) - dagbjortmaria@gmail.com
- Emma Íren Egilsdóttir (Lögrétta) - emmae19@ru.is
- Jóna Karen Þorbjörnsdóttir (Tvíund) - jonat20@ru.is

Við framkvæmd kosninga komu í ljós ýmsir gallar í framkvæmd kosninga í gegn um kennslukerfið Myschool og því er ljóst að næsta stjórn þarf að ráðast í endurbætur á því.

## Kosningavika

Kosningarvikan í ár var æsispennandi og töluverð eftirsókn í framboð til stjórnar SFHR ásamt stjórnemendafélaganna. Mikill metnaður var lagður í framboðin og það sást í útgefnum bæklingum, fríum vörum og mati sem var gefið og almennri stemningu í sólinni. Á miðvikudaginn hélt kjörstjórn pallborðsumræður í sólinni þar sem frambjóðendur fengu að kynna framboð sitt ásamt því að svara spurningum úr sal. Þær gengu mjög vel og stóðu frá 11-12:40. Á sjálfum föstudeginum lágu niðurstöður kosninga fyrir og haldinn var aðalfundur kl 15:45 í stofu M101. Stofan var fyllt og hlustað var á yfirferð ársins. Kynnt var ársskýrsla, ársreikningur, lagabreytingatillögur og niðurstöður kosninga.



## Niðurstöður kosninga Lögrétta

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Iðunn Helgadóttir	69	67,0%
	Victor Snær Sigurðarson	27	26,2%
	Skilað auðu	7	6,8%
<b>Varaformaður</b>	Sunneva Björk Birgisdóttir	85	83,3%
	Skilað auðu	17	16,7%
<b>Gjaldkeri</b>	Júlía Vilborg Sigurðardóttir	76	88,4%
	Skilað auðu	10	11,6%
<b>Formaður málfundafélags</b>	Sólrún Ása Steinarsdóttir	41	45,6%
	Ásdís Lóa Erlendsdóttir	46	51,1%
	Skilað auðu	3	3,3%
<b>Ritstjóri tímarits lögrétta</b>	Eggert Aron Sigurðarson	22	25,0%
	Helga Guðrún Sigurðardótti	54	61,4%
	Skilað auðu	12	13,6%
<b>Formaður skemmtinefndar</b>	Nökkvi Nils Bernhardsson	78	88,6%
	Skilað auðu	10	11,4%
<b>Framkvæmdastjóri lögfræðipjónustu Lögrétta</b>	Kristín Andrea	83	95,4%
	Skilað auðu	4	4,6%

## Pragma

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Andir Þór Hjartarson	184	81,1%
	Skilað auðu	43	18,9%
<b>Gjaldkeri</b>	Aþena Hermannsdóttir	191	84,5%
	Skilað auðu	35	15,5%
<b>Upplýsingastjóri</b>	Viktoría Brá Gosadóttir	178	84,0%
	Skilað auðu	34	16,0%
<b>Markaðsstjóri</b>	Jakob Daníelsson	184	85,6%
	Skilað auðu	31	14,4%
<b>Skemmtanastjóri</b>	Hrannar Ingi Arnarsson	95	43,6%
	Atli Vikar Ingimundarsson	92	42,2%
	Skilað auðu	31	14,2%

## Mentes

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Kristel Eir Eiríksdóttir	103	85,1%
	Skilað auðu	18	14,9%
<b>Varaformaður</b>	Eva María Thorarensen	100	82,6%
	Skilað auðu	21	17,4%
<b>Gjaldkeri</b>	Lárus Jakobsson	107	94,7%
	Skilað auðu	6	5,3%
<b>Ritari</b>	Sóley Sigurðardóttir	99	89,2%
	Skilað auðu	12	10,8%
<b>Skemmtanastjóri</b>	Egill Fjölmisson	94	84,7%
	Skilað auðu	17	15,3%

## Atlas

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Sandra Lilja Björgvinsdóttir	9	75,0%
	Skilað auðu	3	25,0%
<b>Varaformaður</b>	Sævar Breki Einarsson	9	75,0%
	Skilað auðu	3	25,0%

## Markaðsráð

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Óliver Hólm Jóhannsson	133	91,1%
	Skilað auðu	13	8,9%
<b>Varaformaður</b>	Þórhalla Ylfa Gísladóttir	129	89,0%
	Skilað auðu	16	11,0%
<b>Gjaldkeri</b>	Þórunn Elísa Þórisdóttir	121	91,0%
	Skilað auðu	12	9,0%
<b>Skemmtanastjóri</b>	Ísabella Líf Sigurðardóttir	122	91,7%
	Skilað auðu	11	8,3%
<b>Nemendaskólafulltrúi</b>	Valdimar Einarsson	121	91,7%
	Skilað auðu	11	8,3%
<b>Formaður hagfræðifélagsins</b>	Ásmundur Ólafsson	116	87,2%
	Skilað auðu	17	12,8%

## Tvíund

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Formaður</b>	Bryndís Gunnarsdóttir	133	90,5%
	Skilað auðu	14	9,5%
<b>Varaformaður</b>	Eyþór Alexander Hildarson	130	89,0%
	Skilað auðu	16	11,0%
<b>Gjaldkeri</b>	Arnór Þorleifsson	41	29,5%
	Tryggvi Þór Árnason	81	58,3%
	Skilað auðu	17	12,2%
<b>Hagsmunafulltrúi</b>	Birnir Þór Árnason	125	91,2%
	Skilað auðu	12	8,8%
<b>Skemmtanastjóri</b>	Rán Ægisdóttir	120	87,0%
	Skilað auðu	18	13,0%
<b>Fulltrúi í skemmtinefnd</b>	Kristín Hafsteinsdóttir	108	46,2%
	Ellý Rún Hong Guðjohnsen	106	45,3%
	Skilað auðu	20	8,5%

## Háskólablað

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Ritsjóri</b>	Sandra Júlía Matthíasdóttir	361	91,4%
	Skilað auðu	34	8,6%
<b>Fjármálastjóri</b>	Magnús Benediktsson	354	89,8%
	Skilað auðu	40	10,2%
<b>Markaðsstjóri</b>	Birgitta Rós Ásgrímsdóttir	334	91,0%
	Skilað auðu	33	9,0%
<b>Auglýsingastjóri</b>	Tryggvi Gunnarsson	333	90,2%
	Skilað auðu	36	9,8%
<b>Listrænn stjórnandi</b>	Lena Dögg Gunnarsdóttir	331	90,7%
	Skilað auðu	34	9,3%

## Stjórn SFHR

Embætti	Frambjóðandi	atkvæði	hlutfall
<b>Forseti</b>	Sigþór	73	9,1%
	Dana	309	38,7%
	Jón Goði	360	45,1%
	Skilað auðu	57	7,1%
<b>Varaforseti</b>	Áslaug	308	38,5%
	Anna Júlía	413	51,7%
	Skilað auðu	78	9,8%
<b>Gjaldkeri</b>	Hildur Arnalds	331	44,6%
	Hildur Hilmars	344	46,4%
	Skilað auðu	67	9,0%
<b>Upplýsingafulltrúi</b>	Svanfríður	372	49,9%
	Christian	310	41,6%
	Skilað auðu	64	8,6%
<b>Hagsmunafulltrúi</b>	María Nína	373	49,9%
	Matthildur Helga	295	39,5%
	Skilað auðu	79	10,6%
<b>Markaðsfulltrúi</b>	Anna Lára	463	61,5%
	Baldur	251	33,3%
	Skilað auðu	39	5,2%
<b>Undirnefndarfulltrúi</b>	Emil	345	46,5%
	Axel	343	46,2%
	Skilað auðu	54	7,3%